



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SJÓLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Sorpsamlag Strandasýslu – minnisblað vegna lántökubeiðni

Sorpsamlag Strandasýslu hefur vaxið verulega að undanfögnu og má rekja þann vöxt til aðlögunar að breyttum lögum um sorphirðu í landinu. Hefur félagið fjárfest verulega á undanfögnu árum, til að mæta þessari lagabreytingu, en einnig til að einfalda rekstur, auka verðmætasköpun og skapa aukið hagræði á hverja rekstrareiningu. Má þannig benda á að með tilkomu Krókheysibíls og pressu, sem nýta má til að pressa, pappa, plast og heyrúllplast, er flutt allt að 5 sinnum meira magn suður til móttökuaðila á höfuðborgarsvæðinu í einni ferð en áður.

Strandabyggð ert stærsti eigandi Sorpsamlagsins, með hátt í 80% eignarhlut. Aðrir eigendur eru Kaldrananeshreppur og Árneshreppur. Strandabyggð hefur tekið á sig fjárhagslegar skuldbindingar fyrir Sorpsamlagið, sem mikilvægt er að aflétta og greiða upp af Sorpsamlaginu. Til þess þarf þó lántöku, sem einnig mætti nýta til fjármögnunar framkvæmda.

Árið 2024 eru helstu tölur úr bráðabrigðauppgjöri:

Tekjur	Kr
Þjónustutekjur	1.735.819
Þjónustutekjur m vsk	798.675
Framlag sveitarfélaganna	38.499.996
Seld þjónusta til eigenda	29.490.508
Vinna þjónustudeilda m vsk	10.975.417
Flutningsjöfnun	5.888.409
Vörusala 24% vsk	2.800.000
Seldar vörur	-
Akstur	1.344.719
Annað óskilgreint	-
Samtals tekjur:	91.533.543
Kostnaður	
Laun	436.403
Rekstur	63.811.124
Afskriftir	10.692.342
Vaxtatekjur	-45.172
Vextir og verðbætur	5.153.437
Samtals kostnaður	80.048.134
Afkoma ársins 2024 (hagnaður)	11.485.409
Framkvæmdir ársins 2024	17.648.706

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SÍMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

Lánsfjárbörf

Á undanförunum árum hefur Strandabyggð lagt út fyrir kostnaði vegna fjárfestinga og verkefna Sorpsamlagsins. Það var óhjákvæmilegt á þeim tíma en er óæskilegt og er því mikilvægt að Sorpsamlagið nái að greiða þá skuld til baka, ásamt því að geta fjármagnað sínar framkvæmdir.

Skuldastaða Sorpsamlagsins við Strandabyggð þann 31.12.2024 var kr. 23.563.001.- Að auki eru útstandandi skuldir við Vélaafli vegna gáms kr. 2.294.000.- Annað er að mestu frágengið og greitt í janúar.

Verkefni og fjárfestingar Sorpsamlagsins árið 2025 eru samkvæmt áætlun:

Verkbættir	2025
Girðing	3.000.000
Gámar opnir og lokaðir	6.500.000
Jarðgerðarvélar 50kg á dag 2 stk	5.260.000
Bíll krókheysi (með krana) 8hjóla bíll einsdrifs (2017-2018 árg)	10.000.000
Sorppressa á Krókheysi	3.000.000
Bræðslupressa fyrir frauðplast	
Pressugámur tví skiptur	
Malbikun á lóð (er það Strandabyggðarlóð eða Sorpsamlags)	
Samtals fjárfesting	27.760.000

Þessari samantekt er ætlað að sýna fram á stöðu Sorpsamlags Strandasýslu og um leið undirstrika lánsfjárbörf félagsins. Það er margt jákvætt í umhverfi Sorpsamlagsins og má nefna að nokkur sveitarfélög á Vestfjörðum og Vesturlandi, hafa rætt við Sorpsamlagið um þjónustukaup Það yrði mikill fengur og myndi stuðla að miklum vexti á næstu árum. En, þann vöxt þarf að undirbúa og fjármagna.

Minnisblað þetta er fylgiskjal með formlegri lánsúmsókn Sorpsamlags Strandasýslu til Lánasjóðs sveitarfélaga.

Áætluð lánsþörf er metin kr. 30-35 milljónir.

Hólmavík 14.01.25

Þorgeir Pálsson

Formaður stjórnar Sorpsamlagsins.

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS